

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur föstudaginn 17. nóvember 2006 í máli nr. E-7206/2005:

Jóhann Einar Björnsson

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

íslenska ríkinu

(Óskar Thorarensen hrl.)

I

Mál þetta sem dómtekið var 26. október 2006 var höfðað 23. nóvember 2005. Stefnandi er Jóhann Einar Björnsson, Rauðási 19, Reykjavík, en stefndi er íslenska ríkið.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda miskabætur að fjárhæð 2.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 25. október 2004 til að liðnum einum mánuði frá birtingu bótakröfunnar en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 9. gr. og 12. gr. sömu laga. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda eins og málið væri eigi gjafsóknarmál að viðbættum virðisaukaskatti.

Stefndi gerir þá dómkröfu aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað en til vara krefst hann þess að stefnukrafa verði lækkuð verulega og að málskostnaður verði felldur niður.

II

Málavextir eru þeir að stefnandi var, með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum hinn 13. október 2004, úrskurðaður í gæsluvarðhald allt til 25. október 2004. Féllst dómari á að rökstuddur grunur væri um aðild stefnanda að innflutningi á hálfu kg af amfetamíni og að ætla mætti að hann kynni að torvelda rannsókn málsins gengi hann laus. Með dómi Hæstaréttar 15. október 2004 var úrskurðurinn staðfestur. Daginn áður en stefnandi var úrskurðaður í gæsluvarðhald hafði lögregla fengið heimild dómara til húsleitar á heimili stefnanda og við þá leit fundust fíkniefni og var stefnandi handtekinn í kjölfarið.

Þann tíma sem stefnandi sat í gæsluvarðhaldi sætti hann einangrun, heimsóknar banni, bréfaskoðun, símabanni og fjölmiðlabanni samkvæmt b-, c-, d- og e- lið 1. mgr. 108. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, en það var mat lögreglu að rannsóknarhagsmunir krefðust þess. Stefnandi var laus úr gæsluvarðhaldinu hinn 25. október 2004.

Með ákæru, útgefni 11. mars 2005, var stefnandi ákærður fyrir tilraun til brots á lögum um ávana- og fíkniefni með því að hafa reynt að flytja hingað til lands frá Danmörku að minnsta kosti 400 g af amfetamíni, ætluðu til söludreifingar auk þess sem hann var ákærður fyrir brot á lögum um ávana og fíkniefni með því að hafa í vörslum sínum 16,83 g af amfetamíni. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 26. maí 2005, var stefnandi sýknaður af meintri ráðagerð um innflutning amfetamíns en hins vegar dæmdur til að greiða 150.000 króna sekt í ríkissjóð vegna varslna á 16,83 g af amfetamíni

Upphaf þessa máls verður rakið til rannsóknar lögreglu á stórfelldum innflutningi fíkniefna með flutningaskipinu Dettifossi í mars árið 2004. Til að varpa ljósi á atvik þessa máls verður ekki hjá því komist að rekja aðdraganda þess að lögregla grunaði stefnanda um aðild að meintum fíkniefnainnflutningi sem leiddi til þess gæsluvarðhalds sem hér er til umfjöllunar.

Hinn 15. mars 2004 var mikið magn af kókaíni og amfetamíni haldlagt um borð í flutningaskipinu Dettifossi þegar skipið kom til Íslands frá Hollandi. Beindist grunur lögreglu í upphafi að einum úr áhöfn skipsins, Jóni Arnari Reynissyni, og síðar beindist hún að meintum vitorðsmanni hans, Hinriki Jóhannssyni. Á fyrri stigum þeirrar rannsóknar miðuðust aðgerðir lögreglu helst við símhlustanir og öflun upplýsinga um símanotkun hinna grunuðu.

Þegar á rannsóknina leið komu fram samtöl og vísbendingar sem lögreglan taldi mögulegar ráðagerðir hinna grunuðu og fjölda annarra, meðal annars stefnanda, um innflutning á enn meira magni fíkniefna. Kemur fram af hálfu stefnda að lögreglu

hafi þótt rétt að hafa sérstakar gætur á stefnanda sem sérstökum vitorðsmanni Hinriks vegna vinatengsla þeirra auk þess sem Hinrik hafi unnið á bónstöð sem stefnandi rak. Þá hafi þeir báðir sætt rannsókn sem sakborningar í stóru fíkniefnamáli á árinu 1999 en það mál kveður stefndi að hafi verið fellt niður hvað varðaði stefnanda.

Lögregla hafði dómskúrskurð til hlustunar á síma Hinriks og kemur fram hjá stefnda að í byrjun júní 2004 hafi lögreglan orðið vör við ráðagerð Hinriks og stefnanda um að fara til Danmerkur og þótti lögreglu símtöl milli þeirra vera grunsamleg. Fyrir liggur að stefnandi og Hinrik flugu til Danmerkur hinn 2. júní 2004 og komu til baka daginn eftir. Þeir fóru með sitt hvoru fluginu til og frá Danmörku umrætt sinn og það þótti lögreglu vera vísbending um að leynd hefði átt að vera yfir ferðalaginu og að sú leynd kynni að tengjast fíkniefnainnflutningi.

Lögreglu bárust upplýsingar frá aðila sem ekki vildi láta nafn síns getið um að stefnandi hefði tekið með sér mikið af peningum þegar hann fór af landi brott hinn 2. júní 2004 til Danmerkur. Við tollskoðun, þegar stefnandi kom til Íslands daginn eftir, kom í ljós að hann var ekki með neina peninga á sér. Kemur fram í skýrslu Tollgæslunnar á Keflavíkurlflugvelli að stefnandi hefði sagt við komuna til landsins að hann hefði verið lengur í Danmörku en raunin var. Þetta þótti lögreglu vera vísbendingu um leynilegan tilgang ferðarinnar sem kynni að tengjast meintu fíkniefnabroti stefnanda og Hinriks og að peningarnir hefðu verið notaðir til kaupa á fíkniefnum þann sólarhring sem þeir dvöldust erlendis.

Samkvæmt gögnum málsins var flutningaskipið Dettifoss í Danmörku á sama tíma og stefnandi og Hinrik og hafði lögreglan upplýsingar um að Jón Arnar væri í áhöfn skipsins. Símtal milli Jóns Arnars og Hinriks var hljóðritað hinn 3. júní 2004 og þótti lögreglu það símtal fjalla um flutning á fíkniefnapakka sem Jón Arnar hefði mótttekið frá Hinriki þann dag og til hafi staðið að flytja til Íslands í næstu ferð skipsins til Íslands.

Taldi lögregla á þessum tímamarki að fram væri kominn rökstuddur grunur um meinta aðild stefnanda, Hinriks og Jóns Arnars að innflutningi fíkniefna og að sendingin ætti að koma til landsins fyrir milligöngu Jóns Arnars. Kemur fram hjá stefnda að á þessu stigi rannsóknarinnar hafi aðgerðir lögreglu miðast við að fylgjast vel með símasamskiptum og ferðum hinna grunuðu í því skyni að finna fíkniefnin og bregðast við meintum ráðagerðum þeirra eða annarra meintra vitorðsmanna þeirra um móttöku eða tilfærslu efnanna úr skipinu. Hinn 4. júní 2004 fékk lögreglan heimild, með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, til hlustunar á símanúmeri stefnanda frá þeim degi til 1. júlí 2004 en áður hafði lögregla fengið slíkt leyfi vegna símanúmera Hinriks og Jóns Arnars.

Dettifoss kom til Íslands 7. júní 2004 og sama dag var Jóni Arnari vikið úr starfi á skipinu og honum gert að yfirgefa það án tafar. Lögreglan gerði leit að hinum meintu fíkniefnum í skipinu en þau fundust ekki. Í framhaldinu fylgdist lögregla með ferðum hinna grunuðu og hafði eftirlit með skipinu á meðan það var í höfn en hinir grunuðu gerðu engar tilraunir til þess að reyna að nálgast efnið um borð, hvorki eftir komu skipsins í byrjun júní né síðar um sumarið. Þótti lögreglu líklegt að Jón Arnar biði rétta tækifærisins til að nálgast efnin um borð.

Stefndi kveður að hinn 21. júní 2004 hafi lögreglan orðið vör við brottför Hinriks af landinu er hann hafi flogið til London ásamt Óla Hauki Valtýssyni sem hafi þá komið nýr inn í rannsóknina og voru símar hans tengdir til símhlustunar á grundvelli dómsúrskurðar.

Þegar hlustunarúrskurður rann út á stefnanda hinn 1. júlí 2004 var að mati lögreglu ekkert sérstakt fram komið sem benti til ráðagerða stefnanda, Hinriks eða Jóns Arnars um móttöku á meintum fíkniefnum um borð í Dettifossi og þótti því ekki vera grundvöllur fyrir frekari símhlustunum á sínum stefnanda en samkvæmt gögnum málsins voru símar Hinriks og Jóns Arnars hlustaðir áfram.

Hinn 7. júlí 2004 voru hljóðrituð tvö símtöl þar sem stefnandi og Hinrik töluðu saman í síma og virtist lögreglu sem þeir töluðu undir rós um fíkniefni. Að kvöldi næsta dags var aftur hljóðritað símtal milli þeirra og enn fannst lögreglu þetta vera fíkniefna- tengd samtöl.

Hinn 21. júlí 2004 lagði lögregla hald á mikið magn af amfetamíni sem kom til landsins falið í loftpressu og var haldlagningin talin tengjast Óla Hauki og mönnum, honum tengdum og var Hinrik talinn geta átt aðild að brotinu. Þá hljóðritaði lögreglan símtal milli Jóns Arnars og Brynjars Reynissonar hinn 24. júlí 2004 og þótti efni þess tengjast fíkniefnum. Hinn 17. september 2009 var Hinrik handtekinn vegna gruns um að hafa ætlað að móttaka fíkniefnasendingu sem Óli Haukur hefði sent frá Hollandi. Sama dag var Óli Haukur handtekinn í Hollandi og var hann síðar framseldur til Íslands. Kveður stefndi að á þessu stigi málsins hafi lögreglan talið að unnt væri að hefja yfirheyrslur yfir Hinriki og Jóni Arnari vegna þess hluta málsins sem stefnandi var talinn tengjast. Var Hinrik úrskurðaður í gæsluvarðhald hinn 18. september 2004 og Jón Arnar hinn 22. september 2004.

Hinn 11. mars 2005 var gefin út ákæra í málinu meðal annars á hendur stefnanda, Hinriki og Jóni Arnari fyrir tilraun til brots á lögum um ávana- og fíkniefni með því að hafa í júní reynt að flytja hingað til lands frá Danmörku að minnsta kosti 400 g af amfetamíni, ætluðu til söludreifingar. Þá var stefnandi jafnframt ákærður fyrir

brot á lögum um ávana- og fíkniefni fyrir að hafa í vörslum sínum á heimili sínu 16,83 g af amfetamíni.

Í ákæruskjali kemur fram að stefnandi hafi keypt umrædd fíkniefni af óþekktum manni í Kaupmannahöfn, búið um efnið í flösku og afhent meðákærða, Hinriki, til flutnings til Íslands. Hinrik hafi svo flutt fíkniefnin til Árósa þar sem hann hafi afhent þau meðákærða, Jóni Arnari. Jón Arnar hafi svo flutt efnið um borð í Dettifoss.

Á þeim tíma sem Hinrik sat í gæsluvarðhaldi játaði hann framangreind brot sín auk þess sem hann greindi svo frá að hann hefði tekið við fíkniefnunum frá stefnanda. Þá játaði Jón Arnar einnig framangreind brot sín á þeim tíma sem hann sat í gæsluvarðhaldi en stefndi kveður að Jón Arnar hafi ekki haft vitneskju um þátt stefnanda í málinu og hafi það verið í samræmi við framburð Hinriks. Báru þeir mjög á sömu lund varðandi tímasetningar, staðsetningar, umbúðir og magn fíkniefna. Þá liggur fyrir í gögnum málsins að umrædd fíkniefni fundust ekki við leit og kom fram hjá Jóni Arnari að hann hafi guggnað á því að flytja inn efnið og fleygt þeim í ruslapoka og átt von á að þeim yrði hent. Þá kemur fram í gögnum málsins að lögreglan leit svo á eftir að fíkniefnin fundust ekki í skipinu að þeim hefði verið fleygt og eytt.

Eins og rakið hefur verið var stefnandi handtekinn og gerð hjá honum húsleit þar sem 16,83 g af amfetamíni fundust og var stefnandi yfirheyrður í kjölfarið. Hann neitaði sök varðandi innflutninginn en játaði vörslur á amfetamíninu sem fannst hjá honum. Þótti lögreglu sem framburður hans væri í engu samræmi við framburð Hinriks, símahlustanir, símagögn og meintan tilgang ferðalaga hans og peningaflutning til Danmerkur. Þótti lögreglu nauðsynlegt vegna rannsóknarhagsmuna að tryggja að stefnandi gæti ekki haft sambandi við Hinrik og Jón Arnar sem þá hafi verið komnir úr einangrun eða að hann gæti haft samband við vitni og aðra mögulega vitorðsmenn eða þeir við hann á sama tíma. Var stefnandi síðan úrskurðaður í gæsluvarðhald hinn 13. október 2004 eins og fram er komið.

Kveður stefndi að á gæsluvarðhaldstímanum frá 13. október til 19. október hafi verið unnið að undirbúningi yfirheyrslna og nákvæmri yfirferð á símagögnum. Stefnandi var yfirheyrður á ný hinn 19. október 2004 og neitaði hann allri aðild að innflutningi fíkniefna. Þótti lögreglu skýringar hans á ferðalögum hans óskýrar auk þess sem hann hafi ekki virst vilja greina frá tímalengd ferðarinnar til Danmerkur eða nokkru er snerti þá ferð. Lögreglan fékk heimild stefnanda og kærustu hans hinn 19. október 2004 til að fá upplýsingar um reikninga og gjaldeyriskaup og bærust upplýsingar um kortafyrirtæki vegna kærustunnar hinn 20. október og upplýsingar um gjaldeyriskaup stefnanda bærust hinn 25. október. Samkvæmt þeim upplýsingum hafði stefnandi að morgni hins 2. júní 2004, áður en hann flaug til Danmerkur, keypt 300.000 danskar krónur í Landsbankanum í Leifsstöð. Var stefnandi yfirheyrður á ný 25. október 2004 og var sleppt að yfirheyrslu lokinni.

Eins og að framan er rakið var gefin út ákæra á hendur stefnanda, Hinriki og Jóni Arnari vegna aðildar að innflutningi að minnsta kosti 400 g af amfetamíni. Þá var stefnandi ákærður fyrir vörslur amfetamíns sem fundust á heimili hans. Í sömu ákæru voru Jón Arnar, Hinrik og Sigurður Þór Sigurðsson ákærðir fyrir innflutning fíkniefna frá Hollandi í mars 2004 og Sigurður Þór ákærður fyrir tollalagabrot. Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. 319/2005, sem upp var kveðinn 26. mars 2005, var stefnandi sýknaður af því að hafa átt aðild að innflutningi amfetamíns en dæmdur fyrir vörslur á 16,83 g af amfetamíni. Í máli þessu krefur stefnandi stefnda um greiðslu miskabóta á þeim forsendum að hann hafi að ósekju sætt frelsisskerðingu í 13 daga.

Stefnanda var veitt gjafsóknarleyfi með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins hinn 15. desember 2005.

III

Stefnandi kveður kröfu sína um miskabætur á því reista að hann hafi að ósekju mátt sæta frelsissviptingu frá 13. október 2004 til og með 25. október 2004 eða í samtals 13 daga. Hafi hann sætt einangrunarvist allan tímann sem frelsissviptingin hafi staðið yfir samkvæmt þeim takmörkunum sem tilgreind séu í b, c, d og e liðum 1. mgr. 108. gr. laga nr. 19/1991.

Það sé ekki vafamál, að gæsluvarðhaldið og sú einangrun sem stefnandi hafi sætt, hafi haft í för með sér andlega þjáningu og miska fyrir hann, sem hann eigi rétt á að fá bætt að svo miklu leyti sem það sé unnt með greiðslu miskabóta. Miskabótakrafan sé áætluð og verði að telja hana síst of háa miðað við þann tíma, sem stefnandi hafi sætt gæsluvarðhaldi svo og með tilliti til hinna alvarlegu sakargifta.

Að því er varði lagarök sé vísað til XXI. kafla laga nr. 19/1991 og þá sér í lagi til 175. og 176. gr. laganna. Einnig sé í þessu sambandi vísað til 67. gr. og 70. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, sbr. 5. gr. og 8. gr. laga nr. 97/1995, svo og til 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Stefnandi hafi lögbundna gjafsókn í málinu, samkvæmt 178. gr. laga nr. 19/1991, en að öðru leyti sé vísað til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 varðandi málskostnað, svo og til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, en stefnanda sé nauðsynlegt að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda, þar sem hann sé ekki virðisaukaskattskyldur.

IV

Stefndi byggir sýknukröfu sína meðal annars á því að lagaskilyrðum hafi verið fullnægt til að halda stefnanda í gæsluvarðhaldi þann tíma sem hann sat í gæsluvarðhaldi vegna þess að rökstuddur grunur hafi beinst að honum um aðild að mjög alvarlegum fíkniefnabrotum. Megi af stefnu ráða að stefnandi efist ekki um að handtaka hans hafi verið lögmæt en gerð sé krafa vegna gæsluvarðhalds stefnanda í 13 daga frá 13. október 2004 til 25. október 2004. Fyrir gæsluvarðhaldinu hafi legið úrskurður héraðsdóms sem staðfestur hafi verið af Hæstarétti. Ekki sé að mati stefnda fullnægt skilyrðum fyrir bótaskyldu ríkisins í máli þessu, hvorki samkvæmt lögum nr. 19/1991 né öðrum bótareglum.

Þá sé á það bent af hálfu stefnda að ekki sé fullnægt skilyrðum ákvæðis 175. gr. um bætur því stefnandi hafi ekki alfarið verið sýknaður í málinu en hann hafi verið sakfelldur fyrir vörslu rúmra 16 g af amfetamíni sem fundist hafi við húsleit á heimili hans. Þá kveður stefndi málsástæður stefnanda vera mjög knappar og vanreifðar. Meðal annars vegna vanreifunar þessarar beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Að mati stefnda hafi hvorki hann né starfsmenn sem hann beri ábyrgð á valdið stefnanda tjóni. Stefnandi hafi sönnunarbyrði fyrir öllu sem bótakröfu hans viðkomi, meðal annars um sök, orsakasamband, tjón, sennilega afleiðingu o.fl.

Ákvæði 175. og 176. gr. laga nr. 19/1991 heimili að taka kröfu um bætur til greina að fullnægðum þar til greindum skilyrðum en feli ekki í sér skyldu til greiðslu bóta. Það sé margdæmt af Hæstarétti að þessar greinar laganna verði ekki túlkaðar með þeim hætti að sýknudómur, niðurfelling rannsóknar eða það að horfið sé frá saksókn, leiði sjálfkrafa til bótaskyldu stefnda. Tilvitnuð ákvæði stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu í stefnu leiði heldur ekki til slíkrar hlutlægrar ábyrgðar. Tilvísun til þeirra sé óútskýrð í stefnu. Vísist til dóms Hæstaréttar í máli nr. 311/2004 vegna umfjöllunar um tengsl bótaákvæða XXI. kafla laga nr. 19/1991 og þessara tilvitnuðu ákvæða.

Á því sé byggt af hálfu stefnda að aðgerðir lögreglu, þar með talið gæsluvarðhald yfir stefnanda, hafi verið lögmætar og nægilegt tilefni hafi verið til þeirra. Þær hafi ekki verið framkvæmdar á hættulegan, særandi eða móðgandi hátt, sbr. 176. gr. laga nr. 19/1991. Vísist í því sambandi til laga nr. 19/1991, meðal annars til XIII. kafla laganna. Aðgerðir lögreglu hafi verið framkvæmdar á lögmætan hátt og lagaskilyrð um til beitingar þvingunarúrræða hafi verið fullnægt að öllu leyti. Hafi legið fyrir rökstuddur grunur um að stefnandi hefði framið refsiverðan verknað og hafi sá

grunur styrkst við frekari rannsókn málsins.

Þá hafi tími til rannsóknar gagnvart stefnanda meðan í gæsluvarðhaldi stóð verið vel nýttur og hafi verið reynt að hraða rannsókn eins og kostur var. Aðgerðir lögreglu hafi verið hóflegar og ekki verið gengið lengra en tilefni hafi verið til. Hafi aðgerðir yfirvalda verið í samræmi við hefðbundna réttarframkvæmd og stefndi hafi undirbúið aðgerðir af kostgæfni og málið hafi verið rannsakað tilhlýðilega áður en til aðgerða var gripið. Hafi því verið faglega staðið að aðgerðum yfirvalda í málinu og beitt eins vægum aðferðum og unnt hafi verið með hagsmuni stefnanda í huga. Aðgerðir og frelsisskerðing hafi verið skammvinn og ekki varað lengur en nauðsyn krafði. Sé á því byggt að verulegir almannahagsmunir hafi tengst því að málið yrði upplýst.

Verði talið að í stefnu felist kröfur um bætur vegna handtöku sé á því byggt af hálfu stefnda, með sömu rökum og fram komi í greinargerð þessari, að ekki séu skilyrði til að dæma bætur fyrir handtöku.

Skýrslur stefnanda beri það með sér að hann kveðist ekki muna ákveðin atriði sem hann sé spurður um sem gögn málsins sýni þó að standist varla eða skýringar hans séu mjög ótrúverðugar. Að mati stefnda hafi stefnandi þannig stuðlað að því sjálfur að hann hafi verið hnepptur í gæsluvarðhald og honum haldið þar þann tíma sem raun ber vitni, bæði með framferði sínu áður en hann var handtekinn og við yfirheyrslur á gæsluvarðhaldstímabilinu. Hafi því verið fyrir að fara verulegri eigin sök stefnanda sjálfs og hafi hann sjálfur valdið og stuðlað að þeim aðgerðum sem stefnandi reisi kröfur sínar á sbr. 2. ml. 1. mgr. 175. gr. laga nr. 19/1991. Þá sé einnig vísað til þess að fikniefni hafi fundist við húsleit hjá stefnanda. Komi þetta algerlega í veg fyrir að hann geti átt nokkra bótakröfu á hendur stefnda. Kveðst stefndi mótmæla öllum kröfum og málsástæðum stefnanda.

Fallist dómurinn ekki á sýknukröfu stefnda sé þess krafist að stefnukröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og að málskostnaður verði felldur niður. Vegna varakröfu sé vísað til sömu sjónarmiða og málsástæðna og raktar séu hér að framan varðandi sýknukröfur. Krafa stefnanda sé allt of há og í engu samræmi við dómaframkvæmd hér á landi.

Þá sé dráttarvaxtakröfu mótmælt og beri krafan ekki dráttarvexti fyrr en í fyrsta lagi mánuði eftir birtingu stefnu í málinu. Óútskýrt sé í málinu við hvaða dagsetningu stefnandi miðar upphafstíma dráttarvaxta en ekki sé að sjá að bótakrafa komi fram fyrr en með stefnu í málinu. Vísi stefndi til 9. gr. laga nr. 38/2001 varðandi upphafstíma dráttarvaxta.

Um málskostnaðarkröfu sína vísar stefndi til 130. gr. laga nr. 91/1991.

V

Eins og að framan er rakið byggir stefnandi miskabótakröfu sína á því að hann hafi að ósekju mátt sæta frelsisskerðingu frá 13. október til 25. október 2004 eða í samtals 13 daga og hafi hann sætt einangrun allan þann tíma. Þessu mótmælir stefndi og telur að lagaskilyrðum hafi verið fullnægt til að halda stefnanda í gæsluvarðhaldi umræddan tíma vegna þess að rökstuddur grunur væri um aðild hans að mjög alvarlegum fíkniefnabrotum. Rétt er að árétta að gæsluvarðhald stefnanda og einangrun varði í 12 daga en tímabilið frá því hann var handtekinn þar til hann var laus úr gæsluvarðhaldi var 13 dagar. Af málatilbúnaði stefnanda verður ekki ráðið að hann telji handtökuna sem slíka ólögmetna og eru því ekki efni til frekari umfjöllunar um það.

Stefndi telur að málsástæður stefnanda séu knappar og vanreifaðar og meðal annars vegna vanreifunar eigi að sýkna stefnda. Teljist mál vanreifað og ekki í samræmi við meginreglur einkamálaréttarfars um skýran og glöggan málatilbúnað, sbr. 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991, leiðir slíkur ágalli á máli ekki til sýknu heldur til frávísunar málsins frá dómi. Þótt fallast megi á það með stefnda að reifun málsástæðna, sem stefnandi byggir málatilbúnað sinn á, svo og reifun annarra atvika sem nauðsynleg er til að samhengi málsástæðna sé ljóst, sé í knappara lagi þykir þó ljóst af málatilbúnaði hans hvert sakarefnið er og þykir málatilbúnaður hans ekki til þess fallinn að takmarka varnir stefnda. Eru því ekki efni til að vísa máli þessu frá dómi.

Stefnandi vísar til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um kröfur sínar en þar er fjallað um bætur handa sakborningi o.fl. Sérstaklega vísar stefnandi til ákvæða 175. gr. og 176. gr. laganna og til ákvæða 67. gr. og 70. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, svo og til 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sbr. lög nr. 62/1994.

Samkvæmt 1. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar má engan svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum. Í 3. mgr. sömu greinar segir meðal annars að hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skuli án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skuli dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem þyngri refsing liggur við en fésekt. Þá kveður ákvæðið jafnframt á um það að maður skuli ekki sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur. Í lokaákvæði greinarinnar segir svo að hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skuli hann eiga rétt til skaðabóta. Í c. lið 1.

mgr. 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, er mælt svo fyrir að svipta meggi mann frelsi með löglegrri handtöku eða gæslu, sem efnt sé til í því skyni að færa hann fyrir réttan handhafa opinbers valds, enda hvíli á honum rökstuddur grunur um afbrot eða með rökum sé talið nauðsynlegt að koma í veg fyrir að hann fremji afbrot eða komist undan að svo búnu. Í 5. mgr. ákvæðisins segir loks að sá sem tekinn hefur verið höndum eða settur í gæslu andstætt öðrum ákvæðum greinarinnar skuli eiga bótarétt, sem unnt sé að koma fram.

Hin almennu lagaákvæði um bætur handa sakborningum eru í XXI. kafla laga nr. 19/1991. Í 176. gr. laganna segir að dæma meggi bætur vegna tiltekinna aðgerða, þar á meðal gæsluvarðhalds og annarra aðgerða, sem hafa frelsskerðingu í för með sér, aðrar en fangelsi, sbr. 177. gr., ef lögmæt skilyrði hefur brostið til slíkra aðgerða eða ef ekki hefur verið eins og á stóð nægilegt tilefni til þeirra eða þær verið framkvæmdar á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt. Samkvæmt 1. mgr. 175. gr. laganna má taka til greina kröfu um bætur samkvæmt XXI. kafla laganna ef rannsókn hefur verið hætt eða ákæra ekki gefin út vegna þess að sú háttsemi sem sakborningur var borinn hafi talist ósaknæm eða sönnun ekki fengist um hana eða sakborningur hefur verið dæmdur sýkn með óáfrýjuðum eða óáfrýjanlegum dómi af sömu ástæðu. Þó má fella niður bætur eða lækka þær ef sakborningur hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á. Þá segir í 2. mgr. að bæta skuli fjártjón eða miska ef því sé að skipta.

Stefndi telur að stefnandi beri sönnunarbyrði fyrir öllu því sem bótakröfu hans viðkomi, meðal annars um sök, orsakasamband, tjón og sennilega afleiðingu. Skilyrði bótaréttar XXI. kafla laga nr. 19/1991 hafa verið skýrð með hliðsjón af framangreindum ákvæðum 67. gr. stjórnarskrárinnar og 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu á þann veg að sá sem sæta þarf gæsluvarðhaldi, án þess að hafa sannanlega unnið til frelsskerðingar, njóti bótaréttar, nema hann sjálfur hafi valdið eða stuðlað að því að til aðgerða var gripið gagnvart honum eða þeim viðhaldið.

Samkvæmt 70. gr. stjórnarskrárinnar ber öllum réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila. Þá segir í ákvæðinu að hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skuli talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. Tilvísun stefnanda til þessa ákvæðis er ekki rökstudd og verður ekki séð að ákvæði þetta eigi við um efni málsins.

Stefndi telur að þar sem stefnandi hafi ekki verið sýknaður alfarið í umræddu sakamáli sé ekki fullnægt skilyrðum 175. gr. laga nr. 91/1991 um bætur. Eins og rakið hefur verið má samkvæmt tilvitnuðu ákvæði ákveða bætur ef sakborningur

hefur verið sýknaður vegna þess að sú háttsemi sem sakborningur var borinn hafi talist ósaknæm eða sönnun ekki fengist um hana. Þegar stefnandi var yfirheyrður vegna málsins, áður en hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald, játaði hann strax að eiga fikniefni þau sem fundust á heimili hans. Var hann síðan dæmdur til greiðslu sektar fyrir það brot. Í úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 13. október 2004, þar sem stefnanda var gert að sæta gæsluvarðhaldi, kemur fram að gögn málsins sýni að grunur um aðild stefnanda að innflutningi á hálfu kg af amfetamíni sé rökstuddur og á grundvelli rannsóknarhagsmuna var hann úrskurðaður í gæsluvarðhald og var hann síðan látinn sæta einangrun á grundvelli þeirra rannsóknarhagsmuna. Var úrskurður þessi staðfestur með vísan til forsendna í Hæstarétti 15. október 2004. Samkvæmt þessu byggðist gæsluvarðhaldið á rökstuddum grun um aðild stefnanda að innflutningi amfetamíns en ekki á vörslum hans á því amfetamíni sem fannst heima hjá honum enda vandséð að sú refsiverða háttsemi hans sem játning lá fyrir um hefði getað verið tilefni til gæsluvarðhalds. Með því að stefnandi var með fyrrgreindum dómi sýknaður af þeirri háttsemi sem gæsluvarðhaldskrafan byggðist á er framangreindu skilyrði 1. mgr. 175. gr. laga nr. 91/1991 um bætur fullnægt.

Stefndi byggir sýknukröfu sína enn fremur á því að stefnandi hafi með framferði sínu áður en hann var handtekinn og við yfirheyrslur á gæsluvarðhaldstímanum stuðlað að því að hann var látinn sæta gæsluvarðhaldi þann tíma sem raun ber vitni. Þannig beri hann sjálfur verulega eigin sök, sbr. 1. mgr. 175. gr. laga nr. 91/1991. Þá sé einnig vísað til þess að fikniefni hafi fundist hjá honum við húsleit. Eins og rakið hefur verið játaði stefnandi strax vörslur þeirra fikniefna sem fundust á heimili hans við húsleit. Ekkert í gögnum málsins bendir til að það brot hans renni stoðum undir meinta tilraun hans til innflutnings á fikniefnum.

Samkvæmt upplýsingaskýrslu lögreglu sem dagsett er hinn 4. júní 2004 hafði lögreglan fengið upplýsingar frá aðila sem óskaði nafnleyndar um að stefnandi hefði haft mikla peninga með sér þegar hann fór til Danmerkur hinn 2. júní 2004. Þótti lögreglu þetta renna stoðum undir grun um aðild stefnanda að fyrirhuguðum innflutningi amfetamíns til Íslands með Dettifossi í júní. Þá taldi lögreglan þann grun staðfestan þegar í ljós hafi komið að stefnandi hafði ekki haldgóðar skýringar á þessu ferðalagi sínu til Danmerkur auk þess sem hann hafi verið peningalaus þegar hann kom til baka úr ferðinni. Þá taldi lögregla símtöl stefnanda við meintan vitorðsmann sinn, Hinrik, enn fremur styðja þann grun.

Í skýrslu sinni til dómismálaráðuneytisins 13. janúar 2006 skýrir fulltrúi lögreglustjóra meðal annars frá því að hinn 1. júlí 2004, þegar hlustunarúrskurður gagnvart stefnanda hafi runnið út, hafi ekkert sérstakt verið fram komið á því stigi sem benti til frekari ráðagerða stefnanda, Hinriks eða Jóns Arnars um móttöku eða tilfærslu á fikniefnunum sem talið hafi verið að væru um borð í Dettifossi frá því í júní. Þótti því ekki vera grundvöllur fyrir frekari hlustunum á sínum stefnanda en látið nægja að hlusta áfram síma Hinriks og Jóns Arnars í þessu skyni. Þá kemur og fram í skýrslu þessari að hljóðritað símtal stefnanda við Hinrik hinn 7. júlí 2004

og daginn eftir hafi þótt grunsamlegt og fíkniefnatengt en að mati lögreglu hafi það símtal ekki þótt tengjast sendingunni frá því í júní um borð í Dettifossi.

Af gögnum málsins verður ráðið að meintur þáttur stefnanda í rannsókn málsins hafi ekki verið rannsakaður frekar fyrir en Hinrik bar um meinta aðild hans í málinu í skýrslu hjá lögreglu hinn 20. september 2004. Hélt hann fast við þennan framburð í skýrslum sem teknar voru af honum hjá lögreglu 24. september, 5. október og 27. október 2004 en á þeim tíma sat hann í gæsluvarðhaldi. Hinrik dró síðan framburð þennan til baka fyrir dómi undir aðalmeðferð sakamálsins fyrir dómi. Skýringuna fyrir þeim breytta framburði kvað hann vera þá að hann hefði viljað koma sök á stefnanda, hann hafi ekki talið stefnanda óvildarmann sinn en ekki þolað hann á þessum tíma. Hafi hann ekki viljað leiðrétta þennan ranga framburð fyri en fyrir dómi.

Þrátt fyrir að lögreglan hafi samkvæmt framanskráðu litið svo á í júní 2004 að ekkert væri fram komið í málinu sem benti til frekari ráðagerða stefnanda um móttöku eða tilfærslu á fíkniefnunum sem talið væri að væru um borð í Dettifossi virðist sem framburður Hinriks hinn 20. september 2004 um meinta aðild stefnanda að málinu hafi orðið til þess að lögreglan taldi nú fram kominn rökstuddan grun um aðild hans að málinu. Krafa um gæsluvarðhald var hins vegar ekki sett fram fyrir en 13. október 2005 og kemur fram í henni að kröfu sína byggji lögreglan á framburðum annarra sakborninga um að stefnandi hefði afhent umrædd fíkniefni í Danmörku auk þess byggji krafan á hljóðrituðum símtölum. Kemur fram í kröfu lögreglu að rannsókn gagnvart stefnanda sé skammt á veg komin og einungis hafi ein stutt skýrsla verið tekin af honum. Þurfi að taka fleiri skýrslur af honum, bera undir hann gögn s.s. símtöl og framburði annarra og sé ljóst að fleiri muni verða handteknir vegna rannsóknarinnar.

Verður að fallast á það að í kjölfar framburðar Hinriks um meinta aðild stefnanda að umræddum innflutningi var ástæða til að rannsaka þátt stefnanda frekar og var það mat lögreglu að réttur tími til aðgerða gagnvart honum hafi verið eftir að þeir sem voru taldir samsekir honum voru lausir úr einangrun. Réttmæti þess mats lögreglu hefur ekki verið hnekk. Miðað við skýran framburð Hinriks um þátt stefnanda sem hann gaf við yfirheyrslu hjá lögreglu 20. og 24. september og 5. október 2004 verður að fallast á það að nauðsyn bar til að yfirheyra stefnanda frekar og bera undir hann þau gögn þau sem lögregla hafði undir höndum og þóttu rökstyðja þátt stefnanda í málinu. Var stefnandi því undir rökstuddum grun um að hafa framið verknað sem fangelsisrefsing er lögð við og í ljósi þess að meintir meðsekir voru lausir úr einangrun var fyrir hendi hætta á að stefnandi gæti torvelað rannsókn málsins gengi hann laus. Verður því að telja að lögmæt skilyrði og fullt tilefni hafi legið til þess að stefnandi var úrskurðaður í gæsluvarhald.

Stefnandi var yfirheyrður eftir handtöku hinn 12. október 2004 og neitaði hann aðild að þeim innflutningi sem mál þetta snýst um. Hann var svo ekki yfirheyrður aftur vegna málsins fyrr en 19. október 2004 og þá fyrst var hann upplýstur um framburð Hinriks um meinta aðild hans að málinu. Stefnandi neitaði staðfastlega sök varðandi innflutninginn. Hann var næst yfirheyrður hinn 25. október 2004 og þá voru fyrst borin undir hann hljóðrituð símtöl sem fram fóru milli hans og Hinriks dagana 7. og 8. júní 2004. Svör stefnanda við spurningum lögreglu um efni símtalanna voru ótrúverðug að mörgu leyti. Hins vegar verður að líta til þess að gæsluvarðhaldsúrskurður byggðist ekki á þeim ótrúverðuga framburði stefnanda senda var stefnandi laus úr gæsluvarðhaldi að þeirri yfirheyrslu lokinni. Þá liggur fyrir samkvæmt gögnum málsins að í byrjun júlí 2004 taldi lögregla að umrædd símtöl fjölluðu ekki um það sakarefni sem hér er til umfjöllunar.

Lögregla fór ekki fram á heimild stefnanda til að kalla eftir upplýsingum um gjaldeyrisviðskipti hans og fjármálaviðskipti hans fyrr en í skýrslutöku yfir honum hinn 19. október 2004, þrátt fyrir að hafa haft upplýsingar um grunsamleg gjaldeyriskaup stefnanda strax í byrjun júní 2004. Voru svo kröfur um upplýsingar þessar settar fram með bréfum 21. október 2004. Lögregla óskaði ekki eftir upplýsingum um ferðir stefnanda til útlanda fyrr en 20. desember 2004 en heimild stefnanda til þessa var gefin í skýrslutöku yfir honum 19. október 2004.

Þrátt fyrir framkominn vitnisburð Hinriks um meintan þátt stefnanda í málinu verður ekki af gögnum málsins séð að sá framburður hafi verið borinn undir Jón Arnar sem hafði viðurkennt sinn þátt í málinu. Þá er til þess að líta að eftir að Hinrik gaf skýrslu um meintan þátt stefnanda í málinu þótti lögreglu þau símtöl sem stefnandi átti við Hinrik í byrjun júní 2004 renna stoðum undir kröfu um gæsluvarðhald, þrátt fyrir að lögregla hafði áður talið að þessi símtöl tengdust ekki þeim innflutningi sem stefnandi var grunaður um aðild að. Í því ljósi hefði verið tilefni til að bera umrædd símtöl undir stefnanda mun fyrr en gert var.

Í framburði þeirra lögreglumanna, sem komu að rannsókn málsins, fyrir dómi kom fram að á þeim tíma sem stefnandi hafi setið í gæsluvarðhaldi hafi lögreglan verið að afla gagna meðal annars frá Danmörku. Þessi gögn fengust ekki og liggja ekki fyrir í málinu frekari gögn um þessi samskipti.

Þótt rannsókn málsins hafi verið umfangsmikil og náð til innflutnings fíkniefna bæði frá Hollandi og Danmörku er ljóst af gögnum málsins að stefnandi var ekki talinn tengjast nema þeim afmarkaða þætti sem varðaði innflutning frá Danmörku. Verður því sá tími sem hann sat í gæsluvarðhaldi ekki skýrður af hinni umfangsmiklu rannsókn lögreglunnar. Eins og fram er komið var tekin skýrsla af stefnanda áður en hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald. Hann var síðan ekki yfirheyrður næst fyrr en 19. október 2004 og hefur stefndi ekki lagt fram haldbær

gögn sem skýra hvers vegna svo langur tími leið eða til hvers sá tími var nýttur í þágu rannsóknar málsins en ekki verður séð að neitt nýtt hafi komið fram í málinu á þessum tíma. Þá er óútskýrður sá dráttur sem varð af hálfu lögreglu á að afla gagna um gjaldeyriskaup, fjármálaviðskipti og ferðir stefnanda til útlanda og hvers vegna símtöl voru ekki borin undir stefnanda fyrr en daginn sem hann var látinn laus.

Að öllu því sem að framan er rakið þykir stefnandi hafa sætt gæsluvarðhaldi lengur en efni stóðu og hefur stefndi ekki sýnt fram á að stefnandi hafi sjálfur valdið eða stuðlað að því að hann sat í gæsluvarðhaldi svo lengi sem raun ber vitni. Á stefnandi því rétt til bóta samkvæmt b-lið 176. gr. laga nr. 91/1991. Í ljósi allra atvika þykja bætur til hans hæfilega ákveðnar 250.000 krónur með vöxtum eins og greinir í dómsorði en málatilbúnað stefnanda verður að skilja þannig að krafist sé dráttarvaxta mánuði frá höfðun málsins, en ekki verður séð að bótakrafan hafi verið sett fram fyrr en þá.

Stefnandi hefur notið gjafsóknar í málinu. Eru því ekki efni til að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar sem þannig er felldur niður. Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þar með talin þóknun lögmans hans, Hilmar Ingimundarsonar hrl., sem þykir hæfilega ákveðin 400.000 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts, greiðist úr ríkissjóði.

Af hálfu stefnanda flutti mál þetta Hilmar Ingimundarson hrl. en af hálfu stefnda flutti málið Óskar Thorarensen hrl.

Greta Baldursdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð

Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda, Jóhanni Einari Björnssyni, 250.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 25. október 2004 til 23. desember 2005 en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður. Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þar með talin þóknun lögmans hans að fjárhæð 400.000 krónur, þar með talinn virðisaukaskattur, greiðist úr ríkissjóði.

Greta Baldursdóttir